

Fundur haldinn 19.06. 2017 kl. 14:00 í Hermes. Mættir: Jón Þórðarson formaður, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Sigurbjörn Marinósson. Formaður stjórnar setti fund og stýrði honum.

## Dagskrá fundarins.

### Starfsmannamál o.fl.

Forstöðumaður fór yfir starfið liðna mánuði. Biðlistar eftir sálfræðipjónustu eru alvarlega langir. Forstöðumaður sagði frá sálfræðipjónustu í verktöku í vetur á norðursvæði. Benedikt Bragi Sigurðsson hjá Sálstofunni ehf kom fjórar ferðir eftir áramót og veitt sálfræðipjónustu, vann 11 einstaklingsmál.

Báðir sálfræðingar Skólaskrifstofunnar hafa sagt upp störfum og munu hætta um næstu mánaðarmót og hverfa til nýrra verkefna.

Stöðurnar voru auglýstar og bærust tvær umsóknir frá nýútskrifuðum sálfræðingum og tvær umsóknir frá fyrirtækjum sem vilja veita þjónustu í verktöku. Annar umsækjandinn dró síðan umsóknina til baka. Forstöðumaður hefur boðið hinum umsækjandanum starf. Samþykkt var að formaður stjórnar gangi frá og undirriti ráðningarsamninginn. Áfram verður unnið að ráðningarmálum vegna sálfræðipjónustu.

Bókun bæjarstjórnar Fljótshéraðs frá 5.4. 2017 til stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands um hvort ekki sé rétt efla þann hóp fagfólks sem þar starfar til að tryggja þjónustu og auka fjölbreytni í stuðningi við starfsfólk skólanna. Bókunin var rædd og voru fundarmenn sammála efni hennar og mikilvægi forvarna og gildi þeirra í skólastarfi.

### Málefni fatlaðs fólks –

**SIS – C** Forstöðumaður greindi frá því að GRR hefur unnið að stöðlun vegna SIS- mats hjá börnum í vetur og vor á Austurlandi. Forstöðumaður sagði frá samþykkt í þjónustuhópi SKA, m.a. aukinni liðveislu v. einstaklings 3 st. á viku.

Úthlutun endurhæfingarstyrkja kr. 550.000,- skv. umsóknum. Styrkirnir verða greiddir gegn framvísun reikninga. Áætlun gerði ráð fyrir allt að kr. 700.000,-

**Verkefnið Bættur námsárangur á Austurlandi** gengur skv. áætlun. Fundað var með stýrihópi um verkefnið og stöðu þess nýverið en jafnframt er fyrirhugaður fundur með skólastjórnendum.

Þróunarverkefnið **Orð af orði** sem var innleitt í öllum skólum á Austurlandi gekk vel og töldu kennarar almennt að það hafi haft góð áhrif á skólastarfið.

**Endurmenntunarnámskeið: SKA** sótti um styrki í Endurmenntunarsjóð grunnskóla og hlaut kr. 774.000,- til þriggja verkefna. Nú í fyrsta skipti auglýstu SKA, Fjarðabyggð og Fljótshérað saman endurmenntunarframboð. Góð viðbrögð eru við endurmenntunartilboðum.

Forstöðumaður greindi frá námskeiðum sem haldin hafa verið í vetur og vor fyrir leik- og grunnskóla á svæðinu, m.a. **Lubbi finnur málbeinið**, var 10. febr. sl. 26 þátt. úr leikskólum, **AEPS** - 15 þátt. samstarf við GRR haldið á Egs. 30. og 31.jan.2017 og á Eskifirði. 31. mars. **Vináttuverkefni Barnaheilla**, haldið á Egilsstöðum 13. júní, með styrk frá Alcoa Fjarðaáli kr. 500.000,- 22 þáttakendur úr 6 leikskólum sóttu námskeiðið.

Skólaskrifstofan kom einnig að undirbúningi með Austurbrú og fl. að menntaverkefninu **Biophilia**, 9. júní í Austurbrú Reyðarfirði og að auglýsa og halda utan um skráningar að Listasmiðjum sem voru haldnar af Austurbrú 7. og 8. júní Sköpunarmiðstöðinni Stöðvarfirði.

### Önnur mál.

Skólaskrifstofna hefur leigt Alcoa afnot af viðtalsherbergi í Hermes.

Framkvæmdastjórn minnir á dagsetningu næsta aðalfundar SKA þann **3. nóvember** nk. á Borgarfirði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.15:00.

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson